

REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG UNESCO

STEFNUMÖRKUN 2019 - 2021



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjavik
City of Literature

Member of the UNESCO Creative
Cities Network since 2011

Samantekt

Snemma árs 2018 hófst stefnumótunarvinna fyrir Reykjavík bókmenntaborg UNESCO með það fyrir augum að setja niður framtíðarsýn fyrir verkefnið og móta leiðina að henni. Að henni stóðu stjórn og verkefnastjórnar Bókmenntaborgarinnar en einnig voru fjölmargir aðrir sem vinna á sviði orðlistar í borginni fengnir að borðinu. Þessari vinnu lauk vorið 2019¹. Nýja stefnan tekur við af stefnu Bókmenntaborgarinnar 2015 – 2020.

Bókmenntaborgin er miðjan í orðlistarlífi borgarinnar þar sem gestrisni og víðsýni ríkir. Hún er vettvangur ólíkra radda, óháð uppruna og tungumáli, og bæði borgarbúar og gestir ættu að upplifa hana sem sína. Bókmenntaborgin er ekki stofnun heldur fyrst og fremst sameign þeirra sem láta sig orðlist varða, lesenda, rithöfunda, útgefenda og annarra sem starfa á þessu sviði, sem og íbúa borgarinnar, óháð aldri og uppruna.

Reynsla síðustu ára hefur leitt í ljós að Bókmenntaborgin styður ekki síst við orðlist í borginni með því að beina athyglinni að þáttum sem falla utan verkswiðs annarra aðila á sviðinu. Stuðningur við grasrótt og fjölmenningu, verkefni sem lúta að lestrargleði og ritlist barna, sýnileiki orðlistar í borgarlandi, rafræn miðlun og loks alþjóðleg tengslamyndun og upplýsingagjöf eru þar ofarlega á blaði. Í þessari nýju stefnu verður áhersla lögð á þessa þætti.

Einnig horfir Bókmenntaborgin áfram björtum augum til öflugs samstarfs við aðrar Skapandi borgir UNESCO.

Inngangur

Reykjavík hlaut titilinn Bókmenntaborg UNESCO árið 2011, þá fimmta borgin í heiminum til að hljóta þennan titil. Síðan þá hefur orðspor Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur farið víða og stendur hún nú sem sterk miðja í bókmenntalífi borgarinnar og tengipunktur við alþjóðlegt bókmenntalíf í ört vaxandi neti Skapandi borga UNESCO. Framtíðarsýn Bókmenntaborgarinnar var árið 2014 að eftir fimm ár væri hún orðin miðjan í orðlistalífi borgarinnar og hefur sú sýn ræst. Bókmenntaborgin hefur snertingu við alla stærstu viðburðina í bókmenntalífi borgarinnar, hún er staðurinn sem nýir höfundar leita til þegar þeir þurfa stuðning, bæði fjárhagslegan vegna stakra orðlistaverkefna og til ráðgjafar og samstarfs. Reyndari höfundar koma með tillögur og leita einnig ráða og erlendir aðilar leita til Bókmenntaborgarinnar þegar þeir hyggja á samstarf og þurfa að leita upplýsinga um hvaðeina sem viðkemur greininni. Ráðstefnur, vinnustofur og bókmenntahátíðir starfa í góðri samvinnu við Bókmenntaborgina, nýjar tengingar hafa orðið til og ný viðskiptasambönd opnast þvert á stofnanir, félagasamtök og einstaklinga á sviði orðlistar í gegnum Bókmenntaborgina.

¹ Stjórn Reykjavíkur bókmenntaborgar 2019 skipuðu: Andri Snær Magnason (menningar- og ferðamálaráð, formaður), Skúli Þór Helgason, varaformaður (menningar- og ferðamálaráð), Árelía Eydís Guðmundsdóttir (menningar- og ferðamálaráð), Arna Schram (menningar- og ferðamálasvið), Guðrún Ebba Bentsdóttir (skóla- og frístundasvið), Sigríður Stefánsdóttir (Hagþenkir), Karl Ágúst Úlfsson (Rithöfundasamband Íslands), Pálína Magnúsdóttir (Borgarbókasafn Reykjavíkur), Guðni Elísson (Háskóli Íslands), Bryndís Loftsdóttir (Félag íslenskra bókaútgefenda) og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Verkefnastjórnar eru Kristín Viðarsdóttir og Lára Aðalsteinsdóttir.

Orðlistalífið í borginni er nú í miklum blóma og nýjar útgáfur hafa komið fram á sjónarsviðið, ný skáld stigið fram á ritvöllinn og bókmenntaþýðingar eru í vexti. Á sama tíma er staða íslenskunnar áhyggjuefni og því rík ástæða til að halda áfram og efla stuðning við grasrót og nýsköpun. Umræða um mikilvægi bókmenningar til varnar tungumáli og menningu hefur farið vaxandi á síðustu misserum og samhliða því er rétt að staldra við og taka stefnuna á nýjan leik til að Bókmenntaborgin Reykjavík haldi áfram að styðja við orðlistarlífið þar sem mest þörf er.

Árið 2019 verður því nokkuð breytingarár hjá Bókmenntaborginni og setur það tóninn fyrir stefnu næstu ára. Lestrarhátíð, sem haldin hefur verið í október, verður lögð af, en í stað hennar verður áhersla lögð á að fagna viku bókarinnar í apríl í samstarfi við aðra í bókmenntalífinu. Viðburðahald verður minnkað en áhersla lögð á samstarfsverkefni, grasrótastarf, stuðning við orðlistalíf í borginni, fjölmenningu og innra starf. Það hefur sýnt sig að áhersla á samstarf og stuðning við grasrótina hefur skilað sýnilegum árangri eða jafnvel skipt sköpum fyrir listamenn og hópa sem annars gætu hafa átt erfitt uppdráttar.

Á meðal verkefna sem hvetja til sköpunar eru ritlistarverðlaun barna sem hefur verið komið á laggirnar í breiðu og öflugum samstarfi með verkefninu Sögur, handritaverðlaun Tómasar Guðmundsonar og Guðrúnar Helgadóttur fyrir frumsamið ljóðahandrit annars vegar og handrit að barnabók hinsvegar. Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar hafa verið eflað eftir að þau sameinuðust myndlýsingarverðlauninum Dimmalimm, en þau beina kastljósi að bókum fyrir börn og auka þannig sýnileika barnabóka og áhuga á þeim. Verðlaunin verða nú færð undir verksvið Bókmenntaborgarinnar.

Í ársbyrjun 2018 var haldinn hugarflugsfundur með stjórn Bókmenntaborgarinnar og til þess fundar voru einnig boðaðir hagaðilar úr orðlistarlífinu, frá ferðapjónustunni og öðrum skapandi greinum. Niðurstöður fundarins voru notaðar í áframhaldandi vinnu með stjórn Bókmenntaborgarinnar og er stefnumörkunin afrakstur þeirrar vinnu og greiningar á skapandi geiranum í Reykjavík.

Verkefnastjórar unnu úr þeim meginþráðum sem komu fram á þessum fundum. Einnig er tekið mið af umfangi verkefnisins og þeim fjármunum sem það hefur úr að spila. Í þriðja lagi er litið til leiðarljóss og stefnu Skapandi borga UNESCO² en Bókmenntaborgin er hluti af samstarfsnetinu og skuldbindur sig til að starfa eftir þeirri stefnu. Einnig hefur verkefnið menningarstefnu Reykjavíkurborgar, mannréttingastefnu Reykjavíkurborgar og fjölmennningarstefnu borgarinnar að leiðarljósi.³ Reykjavík bókmenntaborg UNESCO er menningarskrifstofa á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar. Þar starfa tveir verkefnastjórar í fullu starfi.

Með þessari nýju stefnu verður stjórn Bókmenntaborgarinnar lögð niður og í hennar stað kemur samráðshópur hagaðila í orðlistarlífi borgarinnar sem mun hittast tvisvar á ári. Hlutverk stjórnar var mikilvægt þegar Bókmenntaborgin var að taka sín fyrstu skref og verkefnið að þróast fyrstu árin en nú þegar það hefur skotið rötum breytast áherslur og þarfir.

² Creative Cities Network Mission Statement:

http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CLT/pdf/Mission_statement_Bologna_creative_cities_meeting.pdf

³ Á vef Reykjavíkurborgar má nálgast pdf skjöl með öllum stefnum borgarinnar.

Framtíðarsýn

Eftir þrjú ár verði Reykjavík bókmenntaborg UNESCO órjúfanlegur hluti af ímynd Reykjavíkur og sjálfsvitund Reykvíkinga. Bókmenntaborgin er leiðandi í að skapa vettvang fyrir ólíkar raddir í orðlistarlífi borgarinnar, óháð uppruna og tungumáli. Kjarninn í starfi Bókmenntaborgarinnar er að leggja rækt við bókmenntaarf þjóðarinnar, stuðla að sköpun, efla nýsköpun í greininni og opna tækifæri fyrir íslenskar bókmenntir með alþjóðlegu samstarfi. Reykjavík bókmenntaborg verður áfram miðjan í orðlistarlífi borgarinnar og sterkur hnitpunktur í breiðu samstarfi þeirra sem koma að orðlist í borginni.

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO

LEIÐARLJÓS:

Reykjavík verði áfram þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Hún er borg fjölbreyttra radda og stendur vörð um tjáningarfrelsi. Einkunnarorð bókmenntaborgarinnar, *Orðið er frjálst*, sýna þá áherslu. Með þeim vill Bókmenntaborgin benda á að hvorki einstaklingar né samfélag geti þrífist á heilbrigðan hátt nema þegnunum sé frjálst að tjá sig, þrjár sínar og sannfæringu.

MARKMIÐ:

Meginmarkmið Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO er að styðja við það mikla starf sem er unnið á sviði bókmenningar og orðlistar í Reykjavík. Bókmenntaborgin hvetur til samstarfs og nýsköpunar á sviði orðlistar. Hún leggur áherslu á rækt orðlistar og tungumáls í breiðu samstarfi. Einnig vinnur Bókmenntaborgin að því að efla alþjóðatengsl á vettvangi orðlistar og annarra skapandi greina.

HLUTVERK:

Bókmenntaborgin er miðjan í orðlistarlífi borgarinnar.

Hlutverk Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO er að styðja við og hvetja orðlistarlífið í borginni í góðri samvinnu við aðra sem starfa á þessu sviði. Hún lætur bókmenntaarf þjóðarinnar sig miklu varða um leið og hún hvetur til nýsköpunar. Bókmenntaborgin leggur sérstaka rækt við grasrótastarf á sviði orðlistar í Reykjavík og vinnur náið með skólasamfélaginu hvað varðar sköpun á sviði ritlistar og lestrargleði. Bókmenntaborgin eykur gæði samfélagsins og er virkur þátttakandi í að viðhalda íslenskri tungu um leið og hún leggur rækt við fjölmenningu.

Bókmenntaborgin er ekki ákveðinn staður eða stofnun heldur vettvangur sem teygir sig um alla borg og kortleggur og miðlar bókmenntasögu borgarinnar til íbúa og gesta hennar. Bókmenntaborgin tekur þátt í samtali og verkefnum innanlands og utan og styrkir þannig orðlistina í borginni og þátttöku Reykjavíkur og innlendra listamanna í alþjóðlegum verkefnum. Með orðlist er átt við hvers konar skapandi beitingu tungumálsins, hvort sem er í bókmenntum, munnlegri tjáningu, ritlist, sungnum skáldskap eða fræðimennsku á sviði bókmenningar. Bókmenntaborgin Reykjavík stendur vörð um tjáningarfrelsi og leggur áherslu á að ólíkar raddir fái að hljóma.

SVÓT greining

SVÓT- greining var framkvæmd til að skoða núverandi stöðu og tækifæri á nýrri nálgun. Veikleikar og styrkleika, ógnanir og tækifæri voru skoðuð og sýna niðurstöður þessarar greiningar að verkefnið stendur vel. Víða liggja tækifæri til að efla starfið og er öflugt samstarf helsta leiðin sem getur unnið gegn veikleikum verkefnisins. Aðgerðaáætlun og forgangsröðun næstu þrjú árin eru meðal annars byggð á þessari greiningu.

Styrkleikar:

Bókmenntaborgin stendur fyrir utan stofnanir og eignarhald hennar er breitt þrátt fyrir að hún sé rekin af borginni. Hún nær að vera miðja í orðlistarlífinu sem ólíkir aðilar leita til. Breitt samstarf og mikil reynsla af því er ótvíræður styrkleiki. Sérfræðiþekking og tengslanet verkefnastjóra og jákvætt viðhorf til verkefnisins sem þeir hafa byggt upp er mikill styrkur fyrir verkefnið og samstarf því tengt. Fjárhagslegur stöðuleiki tryggir þróun verkefna og langtímahugsun sem og að auka fýsileika Bókmenntaborgarinnar sem samstarfsaðila og miðju í orðlistarlífinu. Gröndalshús með vinnustofum og gestaíbúð styrkir ímynd og starf Bókmenntaborgarinnar innanlands og alþjóðlega. Sveigjanleiki verkefnisins og færni til að stýra ólíkum viðfangsefnum er líka kostur Bókmenntaborgarinnar sem og tengsl við grasrótina.

Veikleikar:

Breikkandi fókus hefur dreift takmörkuðum auðlindum um of undanfarin þrjú ár, eftir tilkomu Gröndalshúss. Tungumál sem fáir skilja flækir menningartengda ferðapjónustu á sviði orðlistar og dregur úr sýnileika geirans gagnvart gestum. Innlend samstarfsverkefni hafa verið í forgrunni og kemur það niður á erlendum samstarfsverkefnum. Tæknivinna tengd vefmálum Bókmenntaborgarinnar hefur tekið of langan tíma sem kemur niður á framþróun, sýnileika og tækifærum á betri þjónustu við orðlistarlífið.

Ógnanir:

Samfélagslegar breytingar hafa haft í för með sér dvínandi áhuga á bókum og minnkandi lestur ungs fólks. Aukin samkeppni er um frítíma fólks og hefur það komið niður á bóksölu sem dæmi. Eins er staða íslenskunnar áhyggjuefni með örum tæknibreytingum þar sem tungumál tækninnar ógnar íslenskukunnáttu ungs fólks.

Tækifæri:

Tækifæri liggja í því að glæða áhuga á orð- og ritlist meðal ungs fólks. Efla samvinnu við grasrótina og skapa enn frekari tækifæri til nýsköpunar og nýrra miðlunarleiða. Með aukinni alþjóðlegri samvinnu er hægt að flytja þekkingu og reynslu milli landa og skapa ný tækifæri fyrir íslenska orðlist. Alþjóðleg samvinna opnar nýja markaði fyrir íslenska listamenn og bókmenntir sem aftur ýtir undir kraftmikið orðlistarlíf hér á landi. Hér heima liggja ónýtt tækifæri til samstarfs milli ólíkra aðila sem getur opnað á ný viðskiptasambönd. Í menningartengdri ferðapjónustu liggja auðlindir sem betur má kortleggja og lyfta fram á aðgengilegan hátt. Í stað þess að horfa á tungumálið sem veikleika má snúa því upp í styrkleika sem kveikt getur nýjan áhuga á íslenskunni sem tungumáli sem á sér langa menningarsögu. Hér má t.d. horfa til samstarfs við væntanlegt Hús íslenskunnar og Veröld – hús Vigdísar. Gestaíbúð í Gröndalshúsi opnar á samstarf milli borga sem bjóða listamönnum til vinnudvalar og þessar gagnkvæmu heimsóknir nýtast bæði íslenskum rithöfundum og íslensku bókmenntalífi. Ört stækkandi net Skapandi borga UNESCO er spennandi vettvangur fyrir Bókmenntaborgina sem þegar hefur skilað miklum árangri.

Stefna og leiðarkerfi

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að tilvist Bókmenntaborgarinnar hefur skipt sköpum fyrir orðlistarlífið í borginni, ekki síst fyrir grasrótina og fjölmenningsambúnaðið. Bókmenntaflóran hefur orðið litríkari og fjölbreyttari og verkefni orðið að veruleika sem sum hver hafa síðan haldið áfram að þróast og orðið sjálfbær.

„Bókmenntaborgin Reykjavík skipti sköpum fyrir mig þegar ég var að taka mín fyrstu skref sem ungt ljóðskáld og að koma á fót nýju forlagi. Hún reyndist bókstaflega eina stofnunin á Íslandi sem veitti grasrót- eða jaðarbókmenntum fjárhagslegan stuðning og útgáfan og starfsemin væru ekki það sem þær eru í dag án þessa stuðnings á þýðingarmiklum upphafstíma.“

Valgerður Þóroddsdóttir,
ljóðskáld og útgáfustjóri Partusar

Í ljósi þessa mun Reykjavík bókmenntaborg UNESCO á næstu þremur árum einbeita sér að því að styðja við orðlistarlífið í borginni með grasrótarsamstarfi og þeim kjarnaverkefnum sem skapað hafa Bókmenntaborgina undanfarin ár. Undantekning frá því er að Lestrarhátíð í Bókmenntaborg viku fyrir breiðu samstarfi í kringum viku bókarinnar að vori, ekki síst til að styðja við bókaútgáfu og sýnileika orðlistar allt árið. Þetta er liður í aukinni áherslu á stuðning við íslenskuna og íslenska ritlist. Áhersla verður lög á færri verkefni og skýrari fókusi til að hægt sé að sinna hverju og einu betur.

- *Bókmenntaborgin styður við orðlist í Reykjavík.*
- *Bókmenntaborgin leiðir og stendur fyrir verkefnum á sviði orðlistar í Reykjavík.*
- *Bókmenntaborgin tekur þátt í samstarfsverkefnum á sviði orðlistar, jafnt heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi.*

Í öllum tilfellum leggur hún sérstaka áherslu á nýskapandi verkefni, að hlúa að því smáa sem er vísir að áframhaldandi þróun, að breikka og auka fjölbreytni orðlistalífsins í Reykjavík, gefa ólíkum röddum vettvang og að auka sýnileika orðlistar í víðum skilningi. Bókmenntaborgin leggur einnig áherslu á að greiða götu orðlistamanna og íslenskra bókmennta í alþjóðlegu samhengi svo og að veita erlendum straumum til Íslands. Sérstaða Bókmenntaborgarinnar er ekki síst að hún er hafin yfir stofnanir og félagasamtök, hún á sér ekki fastan stað heldur tilheyrir hún bókmennta- og orðlistarlífi borgarinnar í heild sinni og þar geta allir fundið sér stað.

Þessi áhersla sem hér hefur verið lýst birtist í átta meginverkefnum sem verða leiðarkerfi Bókmenntaborgarinnar næstu þrjú árin og hafa snertifleti við sjö kjarnaþætti í starfseminni. Þeir eru bókmenntaarfurinn, grasrótarsamstarf, lestrarhvatning, nýsköpun, fjölmennning, tungumálið og alþjóðatengsl.



Meginverkefni Bókmenntaborgarinnar

- Dagur bókarinnar og Bókamessa í Bókmenntaborg.
- Umsjón með öllum bókmenntaverðlaunum sem borgin stendur að.
- Orðlist í borgarlandinu, rafræn miðlun.
- Sýnileiki Reykjavíkur sem Bókmenntaborgar UNESCO.
- Samvinna við grasrótina.
- Gröndalshús og gestadvöl.
- Alþjóðlegt samstarf Skapandi borga UNESCO.
- Lestrargleði og sköpun barna.

Aðgerðaáætlun 2019 - 2021

Áætlunin verður uppfærð árlega.

Dagur bókarinnar og Bókamessa.

Í breiðu samstarfi að fagna degi bókarinnar 23. apríl 2019. Styðja við sýnileika vorbókatíðinda og Bókmenntahátíðar. Árið 2020, þegar Bókmenntahátíð í Reykjavík er ekki haldin, verða viðburðir í viku bókarinnar í samstarfi við bókaútgefendur og rithöfunda. Áfram verður sýnileiki í borgarlandinu með fánum. Árið 2021 verður 10 ára afmæli Bókmenntaborgarinnar fagnað í samstarfi við Bókmenntahátíð, sjá einnig undir Alþjóðlegt samstarf.

Halda áfram að byggja upp öfluga Bókamessu í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda þar sem öll útgáfa ársins er sýnd neytendum ásamt því að vinna spennandi bókmenntadagskrá í tengslum við messuna sem dregur fólk að henni.

Skoða í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda að bjóða alþjóðlegum útgáfum til leiks og hafa einn dag á messunni bransadag frá og með árinu 2020.

Umsjón með öllum bókmenntaverðlaunum sem borgin stendur að.

Bókmenntaborgin tekur árið 2019 við umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar.

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur verða veitt í apríl 2019 í fyrsta sinn og heldur Bókmenntaborgin utan um framkvæmd þeirra og munu þau verða veitt aftur í apríl 2020 og 2021.

Umsýsla með Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar færast til Bókmenntaborgarinnar árið 2020.

Samskipti vegna Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna liggja hjá Bókmenntaborginni og stefnt er að því að þau verði peningarverðlaun árið 2020. Verðlaunin eru á forræði sjálfstæðra félagsamtaka og verður það óbreytt áfram en borgarstjóri er verndari þeirra.

Samræma verklag um öll bókmenntaverðlaun sem borgin stendur að, dómnefndarlaun, verðlaunaupphæð og umsýslu fyrir janúar 2020.

Orðlist í borgarlandinu og rafræn miðlun.

Setja upp varanlega bókmenntatexta í borgargólfið í samstarfi við USK, fyrsti texti afhjúpaður sumar 2019.

„Rigningarljóð“ á nýtt Naustatorg og e.t.v. víðar í samvinnu við USK. Sumar 2019.

Tvær bókmenntamerkingar settar upp í borgarlandinu, vor 2019 (Íslendingasögur / Jón Árnason og Þjóðsögur). A.m.k. einni merkingu bætt við 2020 og 2021.

Ný ganga á ensku í appið *Reykjavík Culture Walks*, vor 2019.

Ný ganga á þýsku í *Reykjavík Culture Walks*, haust 2019.

Nýr vefur Bókmenntaborgar í loftið í ársbyrjun 2020.

Sýnileiki Reykjavíkur sem Bókmenntaborgar UNESCO.

Setja upp fyrsta varanlega bókmenntatextann í borgargólfið, sumar 2019.

Samstarf við USK um orðlist í borgarlandi þróað áfram.

Tvær bókmenntamerkingar settar upp í borgarlandinu, vor 2019.

Ný ganga á ensku í *Reykjavík Culture Walks*, vor 2019.

Ný ganga á þýsku í *Reykjavík Culture Walks*, haust 2019.

Nýr vefur Bókmenntaborgar í loftið í ársbyrjun 2020

Verkfærakista fyrir ferðaþjónustuna, sumar 2019.

Fánar í borgarlandi til að lyfta upp sýnileika, apríl 2019, apríl 2020, apríl 2021.

Samvinna við grasrótina

Áframhaldandi samstarf við grasrótina með fjárhagslegum stuðningi og fræðslu. Skapa vettvang fyrir tengslamyndun með fundum, viðburðum og leiðsögn. Allt árið.

Gröndalshús og gestadvöl

Opna Gröndalshús enn frekar fyrir skapandi fólki sem vantar aðstöðu s.s. ungskáldum, fólki af erlendum uppruna og fl. Vetur 2019/2020/2021.

Listamenn í risi haldi mánaðarlega viðburði í húsinu yfir vetrarmánuðina. Vetur 2019/2020.

Sýning á aðalhæð opin yfir sumarmánuðina í samstarfi við Borgarsögusafn. Frá sumri 2019.

Taka á móti fyrsta gestaríthöfundu frá annarri Bókmenntaborg UNESCO, haust 2019 og vor 2020.

Fjölga borgandi dvalargestum í gestaíbúð. Aukin kynning erlendis. Haust 2019.

Alþjóðlegt samstarf Skapandi borga UNESCO

Formenska í vinnuhóp Bókmenntaborganna um samstarf innan netverksins, 2019 -2020.

Umsjón með samstarfsverkefninu *Drop the Mic* til ársloka 2020.

Viðburður á alþjóðlegum degi ljóðsins, 21. mars 2020 og 2021.

Viðburður á alþjóðlegum degi þýðenda 21. september 2020 og 2021.

Þátttaka í Ársfundi Bókmenntaborga, vor 2019 og vor 2020.

Ársfundur Bókmenntaborga UNESCO haldinn í Reykjavík og 10 ára afmæli Bókmenntaborgar fagnað með viðburðahaldi í samvinnu við Bókmenntahátíð í Rvk., apríl 2021.

Þátttaka í Ársfundi Skapandiborga UNESCO, sumar 2019, 2020 og 2021

Þátttaka í sumarlestri Bókmenntaborga UNESCO, vor 2019, 2020 og vor 2021.

Þátttaka í Slamovision – rafrænni ljóðaslammskeppni, frá maí 2019 – sept 2019.

BLITZ (Business of Literature Zones) – upplýsingagjöf inn í þetta alþjóðlega verkefni um menningartengda ferðaþjónustu. N-Írland, Finnland, Skotland (Reykjavík og Edinborg veita upplýsingar inn í verkefnið og fá afrakstur). <https://www.kainuunliitto.fi/en/blitz> Lokið haust 2021.

Lestrargleði og sköpun barna

Þróun á mjúkdýrinu Sleipni fyrir yngstu lesendurna. Lokið fyrir árslok 2020.

Innleiðing á Sleipnisverkefni fyrir yngsta stig grunnskóla, fram haldið haustið 2019.

Þróunarvinna á Sleipnisverkefnum fyrir miðstig grunnskóla, lokið vor 2020.

Þróunarvinna hefst á ritlistarverkefni með unglingum, vor 2021.

Verðlaunahátíðin *Sögur*, júní 2019, júní 2020 og júní 2021. Starf í kringum verkefnið er allt árið.

Mælieiningar árangur – KPI'S (key performance indicators)

Til að meta árangur af starfi Reykjavíkur bókmenntaborgar verða gerðar mælingar á sýnileika verkefna og fjölda þeirra. Grunnlínan var tekin á árunum 2013 – 2014 og mun árangur verða mældur út frá henni.


Mælitækin eru:

1. Spurning í Þjónustukönnun sveitarfélaganna (Capacent) um vitund borgarbúa um að Reykjavík sé ein af Bókmenntaborgum UNESCO.
2. Talning á fjölda samstarfsverkefna heima og erlendis sjá BSC Bókmenntaborgarinnar.
3. Talning á fjölda orðlistafólks sem vinnur að verkefnum á vegum Bókmenntaborgarinnar.
4. Gestadvöld í Gröndalshúsi.
5. Orðlistarlíf í Gröndalshúsi (viðburðir, hópar, smiðjur osfrv).

Stefna þessi tekur gildi 1. júní 2019 og gildir til 1. júní 2021.

STUTT ÚTGÁFA

Bókmenntaborgin - miðjan í orðlistarlífi borgarinnar



Hlutverk Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO er að styðja við og hvetja orðlistarlífið í borginni í góðri samvinnu við aðra sem starfa á þessu sviði. Hún lætur bókmenntaarf þjóðarinnar sig miklu varða um leið og hún hvetur til nýsköpunar. Bókmenntaborgin leggur sérstaka rækt við grasrótarstarf á sviði orðlistar í Reykjavík og vinnur náið með skólasamfélaginu hvað varðar sköpun á sviði ritlistar og lestrargleði. Bókmenntaborg eykur gæði samfélagsins og er virkur þátttakandi í að viðhalda íslenskri tungu um leið og hún leggur rækt við fjölmenningu.

Bókmenntaborgin er ekki ákveðinn staður eða stofnun heldur vettvangur sem teygir sig um alla borg og kortleggur og miðlar bókmenntasögu borgarinnar til íbúa og gesta hennar. Bókmenntaborgin tekur þátt í samtali og verkefnum innanlands og utan og styrkir þannig orðlistina í borginni og þátttöku Reykjavíkur og innlendra listamanna í alþjóðlegum verkefnum. Með orðlist er átt við hvers konar skapandi beitingu tungumálsins, hvort sem er í bókmenntum, munnlegri tjáningu, ritlist, sngnum skáldskap eða fræðimennsku á sviði bókmenningar. Bókmenntaborgin Reykjavík stendur vörð um tjáningarfrelsi og leggur áherslu á að ólíkar raddir fái að hljóma.

Meginverkefni Bókmenntaborgarinnar

- Dagur bókarinnar og Bókamessa.
- Umsjón með öllum bókmenntaverðlaunum sem borgin stendur að.
- Orðlist í borgarlandinu, rafræn miðlun.
- Sýnileiki Reykjavíkur sem Bókmenntaborgar UNESCO.
- Samvinna við grasrótina.
- Gröndalshús og gestadvöl.
- Alþjóðlegt samstarf Skapandi borga UNESCO.
- Lestrargleði og sköpun barna.